



Til: krb@althingi.is
Afrit: nefndasvid@althingi.is
Efni: Re: Frá nefndasviði Alþingis - 457. mál til umsagnar
Upplýsingar: Sent: 02.05.2018 16:16:25 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018040023, Bréfalyklar: 42-1-1
Umsagnir um frumvörp

Tilvísun í mál: 2018040023

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 18. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 457. mál. Beðist er velvirðingar á því hvað dregist hefur að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun telur margt af því sem kemur fram í frumvarpinu til bóta s.s áhættumat vegna erfðablöndunar, vöktun og endurtekningu á áhættumati eftir þörfum og að farið sé eftir matinu, nánari útfærslur á ýmsu er varðar eftirlit og stjórnsýslu og heimild til að beita stjórnvaldssektum o.fl.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við eftirfarandi:

1. Í fyrstu grein frumvarpsins um breytingu á 3. gr. laganna um skilgreiningar segir undir 11. lið b. liðar: „*Villtur laxastofn*: Laxastofn þar sem meiri hluti fiskis er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

Náttúrufræðistofnun telur þessa skilgreiningu varasama út frá náttúruvernd en hana er einnig að finna í lögum um lax og silungsveiðar. Hvað er átt við með meirihluta hér? Er það 51% af stofninum? Í raun segir skilgreiningin að stór hluti villts stofns megi vera kominn undan „ræktuðum“ foreldrum. Jafnvel í margar kynslóðir? Hvaða áhrif hefur þetta á villta stofna? Ekki er heldur alveg skýrt í skilgreiningunni að sá hluti sem klakinn er utan náttúrulegs umhverfis þurfi að vera af sama stofni og viðkomandi villtur stofn þó að öllum líkindum sé átt við það. Stofnunin leggur til að skilgreiningin verði svona: „*Villtur laxastofn*: Laxastofn myndaður af fiskum sem klekjast út í náttúrulegu umhverfi, alast þar upp og eru komnir undan villtum foreldrum.“ Ef þörf er á því að skýra nánar út hvað megi kalla villtan laxastofn og hvað ekki þarf að gera það með nákvæmari hætti en í framangreindri skilgreiningu.

2. Í 7. gr. (6. gr. b): „Ráðherra ákveður hvaða firði eða hafsvæði skuli meta til burðarþols og hvenær það skuli gert. Burðarþolsmat skal framkvæmt af Hafrannsóknastofnun eða aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar.“ **Jafnframt segir í 3. gr. frumvarpsins:** „Hafrannsóknastofnun skal ákveða skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði á grundvelli burðarþols og hagkvæmastrar nýtingar þessara svæða. Áður en Hafrannsóknastofnun skiptir upp svæðum skal stofnunin leita umsagnar Samgöngustofu, Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Landhelgisgæslu Íslands og aðliggjandi sveitarfélaga.“ Jafnframt segir í 5. gr. frumvarpsins að 5. gr. laganna falli brott.

Eins og málið er sett fram virðist það eingöngu vera ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðun sem einn getur ákveðið hvaða svæði skuli meta til burðarþols. Við brottfall 5. greinar laganna er ekki lengur gert ráð fyrir aðkomu þess ráðuneytis sem fer með málefni náttúruverndar. Við brottfall 5. gr. laganna er svo komið að hugtakið náttúruvernd er ekki lengur að finna í lögnum. Á það skal bent að lög um náttúruvernd gilda bæði á landi og í hafi og vel mætti bæta við 2. gr. laganna aðVið framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Vissulega hafa sumar stofnanir umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem fara með náttúruvernd, umsagnarrétt um skiptingu í eldissvæði en aðeins eftir að búið er að ákveða hvaða firði eða hafsvæði á að meta til burðarþols. Ekki virðist gert ráð fyrir aðkomu annarra að vali á eldissvæðum en þeirra sem hafa beina stjórnsýsluelga aðkomu að málinu.

Ekki er skýrt í frumvarpinu, 3. gr., hvað sé átt við með að skipta upp eldissvæðum eftir hagkvæmstu nýtingu þeirra og hvers vegna sá þáttur er á forræði Hafrannsóknastofnunar.

3. Náttúrufræðistofnun bendir á að frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða hefur einnig verið lagt fram og á það að ná yfir skipulag svæða vegna ræktunar nytjastofna í hafi nái það fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Jón Gunnar Ottósson/NI.IS
Dags: 18.04.2018 15:22:34
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
cc: Guðmundur Guðmundsson/NI.IS@NI.IS, Trausti Baldursson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Frá nefndasviði Alþingis - 457. mál til umsagnar

----- Forwarded by Jón Gunnar Ottósson/NI.IS on 18/04/2018 15:22 -----

From: Kristjana Benediktsdóttir <krb@althingi.is>
To:
Date: 18/04/2018 12:33
Subject: Frá nefndasviði Alþingis - 457. mál til umsagnar

18. apríl 2018
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.
Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.), 457. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 30. apríl nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.
Þingskjalid er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/148/s/0656.html>
Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.
Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.
Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Kristjana Benediktsdóttir
skjalavörður
skrifstofu Alþingis, nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
sími 563-0433, fax 563-0430
www.althingi.is